

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	20.9.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Kalkþörungafélagið	Fulltrúi UST	Kristján Geirsson
Heimili	Hafnarteigi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Magnússon	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá starfsleyfi sem varðar mælingar á svifögnum í sjó eftir dælingu efnis í setlón, en voru þær yfir mörkum. Ein athugasemd er gerð í kjölfar eftirlits hvað varðar kvartanir vegna reyks og kalkkryks.

UMFANG EFTIRLITS

Samráðsfundur var haldinn áður en eftirlit hófst. Sérstök fundargerð er haldin um hann.

Farið var í kringum verksmiðjusvæðið og kannað með titring, hávaða og kalkkryk. Ekki var vart við titring og hávaði var ekki umfram það sem eðlilegt þótti. Ekki var framkvæmd mæling á hljóðstigi en ekki hafa borist kvartanir yfir hávaða frá starfsemi.

Setlón/hráefnispró var skoðuð sem og verksmiðjan öll að innan og farið í gegnum framleiðsluferlið.

Farið var yfir framkvæmdir og aðgerðir fyrirtækisins sem miða að betri rykhreinsun, mælingar á styrk ryks í útblæstri og niðurstöður þeirra. Farið var yfir kvartanir sem hafa borist en enn berast stöku kvartanir um óhreinan útblástur. Gerðar höfðu verið tvær mælingar á styrk ryks í útblæstri á þessu ári. Var önnur þeirra yfir gildi skv. gr. 2.1 þó að meðaltalsgildi sé ekki yfir mörkum. Við yfirferð á mælingum og skráningum í eftirliti kom fram samband milli hitastigs og rykstyrks. Kom þar fram að þrátt fyrir miklar umbætur í mengunarvörnum eru framleiðsluþættir eins og hitastig enn áhrifamiklir valdar að rykmengun. Farið var framá að rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun samantekt og greinargerð um frávik í hitastigi; tíðni og umfang frávika.

Mælingar á svifögnum fyrir árin 2010 og 2012 voru afhentar í eftirliti. Tvær mælingar voru yfir mörkum, á sýnatökustöðum 1 og 2. Athuga þarf með framtíð setlónsins. Þar sem lónið tekur við frárennsli vothreinsibúnaðar þarf að huga að því að fínefnin skilist ekki út í höfnina.

Minnt var á að senda ber öll gögn á netfangið ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Nýr tengiliður rekstraraðila var kynntur sem og nýr eftirlitsmaður.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

grein 2.4 í starfsleyfi

Samkvæmt grein 2.4 skal styrkukning svifagna í sjó vera undir 2 mg/L. Mælingar í kjölfarið á dælingu efnis sýndu að á tveimur svæðum fór styrkurinn yfir þessi gildi á tveimur mælistöðvum.


ATHUGASEMDIR

Enn eru að berast kvartanir vegna reyks úr reyk háf og kalkkryki sem berst um bæinn. Mælingar eru undir mörkum en ástandið er mjög viðkvæmt fyrir hitastigsbreytingum og ástandi efnis.

ANNAÐ

Undirbúningur undir stækkun verksmiðjunnar er langt kominn. Nýja byggingin mun hýsa nýjan þurrkara og endurbættan vöthreinsibúnað en fyrst um sinn verður framleiðsla innan marka í starfsleyfi. Ef keyrsla á þeim ofni gengur vel þá er fyrirhugað að sækja um nýtt starfsleyfi með aukinni framleiðsluheimild.

Reykjavík, 02.10.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.